



Útboðsskilmálar

vegna kaupa Seðlabanka Íslands á íslenskum krónum í skiptum fyrir evrur.

Viðskiptadagur: 16. júní 2016

- Seðlabanki Íslands kallar hér með eftir tilboðum um sölu á eignum skráðum í íslenskum krónum gegn greiðslu reiðufjár í erlendum gjaldeyri (evrum). Þeim viðskiptabönkum og verðbréfamiðstöðvum með innlánsreikning hjá Seðlabanka Íslands er boðið að hafa milligöngu um sölu á eigin nafni. Útboðið er hið síðasta í röð útboðsviðskipta sem hófust 2011 og er það liður í afléttingu hafta á fjármagnsviðskiptum með gjaldeyri, til samræmis við áætlun Seðlabankans um afléttingu gjaldeyrishafta, frá 25. mars 2011, sem og áætlun ríkisstjórnar Íslands og Seðlabankans um losun fjármagnshafta, frá 8. júní 2015, og er útboðið framkvæmt á grundvelli 1. mgr. 18. gr. og III. bráðabirgðaákvæðis laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Fjármagnshreyfingar í innlendum gjaldeyri, til tryggingar og/eða uppgjörsviðskipta samkvæmt útboði þessu, og ráðstöfun á erlendum gjaldeyri sem þátttakendur eignast við uppgjörviðskipta á grundvelli samþykktra tilboða í útboði þessu, eru undanþegnar takmörkunum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sbr. 13. gr. o. þeirra laga, sem og takmörkunum laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016.
- Heildarverðmæti það í íslenskum krónum (útboðsfjárhæð) sem Seðlabankinn býðst til að kaupa er hið sama og heildarverðmæti aflandskrónueigna, sbr. lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016, en Seðlabankinn áskilur sér allan rétt til að ákvarða útboðsfjárhæðina í samræmi við þessa skilmála.
- Milligönguaðilar senda tilboð til Seðlabankans í gegnum Bloomberg milli kl. 10:00 og 14:00 á viðskiptadegi (samkvæmt staðartíma á Íslandi). Frestur til að skila inn tilboðum rennur út fimmtudaginn 16. júní 2016 kl. 14:00 (viðskiptadagur). Niðurstöður útboðsins verða birtar á heimasíðu Seðlabankans ekki síðar en kl. 9:00 miðvikudaginn 22. júní 2016, í öllum tilvikum utan opnunartíma kauphallar, og sendar milligönguaðilum í gegnum Bloomberg. Milligönguaðilar sjá svo um að tilkynna sínum viðskiptamönnum um niðurstöður útboðsins.
- Útboðsfyrirkomulag verður með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Samsetning magntilboða og gildra verðtilboða myndar lægsta mögulega kaupverð á íslenskum krónum í skiptum fyrir evrur í útboðinu. Sjá eftirfarandi töflu:¹

Samtala magntilboða og gildra verðtilboða:	Verð:
0 kr. – 50.000.000.000 kr.	210 kr. pr. evra
50.000.000.001 kr. – 75.000.000.000 kr.	205 kr. pr. evra
75.000.000.001 kr. – 125.000.000.000 kr.	200 kr. pr. evra
125.000.000.001 kr. – 175.000.000.000 kr.	195 kr. pr. evra
175.000.000.001 kr. eða meira.	190 kr. pr. evra

- Öll magntilboð verða samþykkt að fullu á útboðsverði. Verðtilboðum *yfir* útboðsverði er tekið að fullu, verðtilboðum *undir* útboðsverði er hafnað að fullu, og verðtilboð sem eru *jafnhá* útboðsverði verða samþykkt að fullu. Sjá 10. gr. þessara skilmála um magn- og verðtilboð.²
- Seðlabankinn áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast, hafna þeim að hluta eða hafna þeim öllum.
- Þeir milligönguaðilar sem hafa samið við Seðlabankann, og sem taldir verða upp á heimasíðu Seðlabankans, skulu safna tilboðum um sölu á aflandskrónueignum, sbr. 8. gr., og einnig 13. gr., þessara skilmála. Tilboð þeirra í millum skulu vera skuldbindandi tilboð með þeim fyrirvörum sem leiða af útboðinu. Milligönguaðilar skulu leggja fram samskonar tilboð til Seðlabankans í *eigin nafni*. Milligönguaðilum er heimilt að sameina þau tilboð frá viðskiptamönnum þar sem greiðslur þeirra eru sömu tegundar.
- Milligönguaðilar skulu einungis safna þeim tilboðum þar sem framboðið fjármagn er aflandskrónueignir eins og þær eru skilgreindar skv. 1. tölul. 2. gr. laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum

¹ Hinn 13. júní 2016 var orðalagi greinarinnar breytt til að áréttta að samsetning magntilboða og gildra verðtilboða komi til með að mynda lægsta mögulega útboðsverð.

² Hinn 13. júní 2016 var orðalagi 5. gr. breytt til samræmis við breytingar á 4. gr. ásamt því að ekki var lengur gerður áskilnaður í 5. gr. um að tilboðum undir 190. kr. pr. evru verði hafnað að fullu og voru útboðsskilmálarnir þannig breyttir birtir á heimasíðu Seðlabankans.

takmörkunum, nr. 37/2016, og þá einungis þær sem eru í formi reiðufjár, skuldabréfa og víxla útgefinna af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Tilboð sem byggja á öðru fjármagni en því skulu undanskilin þátttöku, sbr. þó 13. gr. þessara skilmála.

9. Milligönguaðilar skulu, vegna allra tilboða sem þeir leggja fram til Seðlabankans, kanna og safna upplýsingum um raunverulegan eiganda og uppruna fjármagns að baki hverju tilboði, til samræmis við II. og III. kafla laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, ásamt því að ganga úr skugga um raunverulegur eigandi lúti ekki alþjóðlegum þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Milligönguaðili skal, án tafar, afhenda Seðlabankanum afrit af viðeigandi skjölum sem sanna deili á viðskiptamanni og öðrum skjölum áreiðanleikakönnunar, sé þess óskað. Með framlagningu tilboðs samþykkir milligönguaðili, bæði fyrir sína hönd og fyrir hönd síns viðskiptamanns, að Seðlabankinn veiti Fjármálaeftirlitinu, skattyfirvöldum, ákærvaldi og/eða lögreglu; upplýsingar um raunverulegan eiganda fjármuna, komi fram krafa þess efnis, án tillits til þess hvort krafa um slíkt beinist almennt að útboðinu eða einstökum tilboðum.
10. Tilboð skulu að lágmarki innihalda upplýsingar um magn aflandskrónueignar sem boðið er til sölu og tegund aflandskrónueignar, í þessum skilmálum kallað *magntilboð* (e. „non-competitive bid“) en tilboð mega auk þess innihalda fyrirvara um verð, í þessum skilmálum kallað *verðtilboð* (e. „competitive bid“). Í öllum tilvikum þar sem aflandskrónueign er ekki í formi reiðufjár skal geta um nafn á ríkisvíxli eða skuldabréfaflokki eins og þau eru skráð í kauphöll Nasdaq Iceland hf. Upplýsingar um endurkaupaverð ríkisbréfa, ríkisvíxla og íbúðabréfa fyrir evru í þessu útboði verður birt á heimasíðu Seðlabanka Íslands þann 10. júní 2016. Engin lágmarksfjárhæð er fyrir hvert tilboð og tilboð skulu hlaupa á einni krónu.
11. Milligönguaðili skal leggja aflandskrónueignir í reiðufé inn á reikning Seðlabankans 0001-26-40083, en aflandskrónueignir í formi rafrænt skráðra verðbréfa skulu afhendast á hlutlausu svæði Nasdaq verðbréfamiðstöðvar hf, á kennitölu Seðlabankans, 560269-4129; í báðum tilvikum fyrir kl. 10:00 þann 29. júní 2016. Erlendi gjaldeyririnn verður afhentur inn á evrureikning milligönguaðila fyrir dagslok 29. júní 2016, samkvæmt greiðslufyrirmælum sem skulu berast fyrir lok dags 22. júní 2016. Efni milligönguaðili ekki tilboð sitt áskilur Seðlabankinn sér rétt til að krefja milligönguaðila um fullar efnidir og hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst; allt án frekari fyrirvara, og án ábyrgðar gagnvart viðskiptamanni milligönguaðilans.
12. Eigi síðar en þriðjudaginn 5. júlí 2016 skal milligönguaðili afhenda viðskiptamanni erlendan gjaldeyri til samræmis við það sölutilboð viðskiptamanns sem milligönguaðili samþykkti fyrir sitt leyti. Milligönguaðili skiptir keyptum gjaldeyri milli sinna viðskiptamanna til samræmis við þau sölutilboð sem milligönguaðili safnaði saman og er öll skipting fjármuna á milli viðskiptamanna milligönguaðila á ábyrgð hans.
13. Milligönguaðilum er einnig heimilt að safna þeim tilboðum þar sem framboðið fjármagn byggir á annars konar aflandskrónueignum en þeim sem eru í formi reiðufjár, skuldabréfa og víxla útgefinna af ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð íslenska ríkisins. Ekki er heimilt að sameina slík tilboð. Uppgjör slíkra tilboða skal vera þannig að milligönguaðili leggur krónufjárhæð inn á reikning Seðlabankans, sbr. 11. gr. þessara skilmála, sem nemur markaðsvirði aflandskrónueignar að frádregnu margfeldi markaðsvirðis aflandskrónueignar og hlutfalls opinbers miðgengis Seðlabankans fyrir krónu á móti evru hinn 20. maí 2016 og útboðsgengis eins og það ákvarðast í útboðinu, sem setja má fram með eftirfarandi hætti:

$$\left(1 - \frac{\text{Opinbert miðgengi Seðlabanka Íslands (evra)}}{\text{Útboðsgengi (kr. pr. evra)}}\right) * \text{Markaðsvirði aflandskrónueignar}$$

Markaðsvirði aflandskrónueignar skal miðast við rökstutt mat óháðs löggilts endurskoðanda á gangvirði eða kostnaðarvirði eignarinnar við gildistöku laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, eins og það er skilgreint samkvæmt lögum um ársreikninga, en það skal þó aldrei vera lægra virði en nafnvirði eða bókfært virði undirliggjandi eigna. Viðskiptamaður eða milligönguaðili, hvort heldur er, skulu afla matsins á eigin kostnað og skal endurskoðandinn staðfesta óhæði sitt. Seðlabanka Íslands er heimilt að óska frekari skýringa eða hafna niðurstöðum mats ef sýnt þykir að það sé ekki byggt á fullnægjandi forsendum. Gögn til upplýsingar um markaðsverð skulu berast Seðlabankanum eigi síðar en fyrir kl. 15:00 þann 15. júní 2016.³ Sú eign sem liggur til grundvallar

³ Hinn 9. júní 2016 var veittur lengri frestur til að skila umræddum gögnum og voru útboðsskilmálarnir þannig breyttir birtir á heimasíðu Seðlabankans.

samþykktu tilboði er undanþegin lögum um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum. Jafnframt er ráðstöfun eignarinnar undanþegin takmörkunum laga um gjaldeyrismál.

14. Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Seðlabankinn hefur heimild til að fella niður útboð í heild sinni vegna tæknilegra örðugleika. Milligönguaðilar geta óskað staðfestingar á móttöku tilboða hjá Markaðsviðskiptum og fjárstýringu Seðlabanka Íslands en óskir um slíkt hafa engin áhrif á það hvenær frestur til að skila inn tilboðum rennur út. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjám í Bloomberg eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði enda sé það gert í gegnum Bloomberg og það berist Seðlabankanum áður en frestur til að skila inn tilboðum rennur út kl. 14:00 á útboðsdegi.
 15. Skilmálar þessir gilda milli Seðlabankans og milligönguaðila sem þátttakanda í útboðinu. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á neinum skuldbindingum milligönguaðila gagnvart viðskiptamanni vegna gjaldeyrisviðskipta þeirra á milli, og sem leiða af þátttöku milligönguaðila í útboðinu.
 16. Þrátt fyrir það sem segir í þessum skilmálum getur milligönguaðili skilað almennt inn tilboðum á annan hátt en í gegnum Bloomberg enda sé sérstaklega samið um það við Seðlabankann.
 17. Skilmálar þessir eru þýddir yfir á ensku en íslenski textinn gildir.
-